

MSS24090064

Íbúaráð Breiðholts 11. september 2024: Fyrirspurn fulltrúa foreldrafélaga í íbúaráði Breiðholts um bókakaup á skólasöfn í Breiðholti

Fulltrúi foreldrafélaganna í íbúaráði Breiðholts óskar eftir svörum frá skóla- og frístundasviði um bókainnkaup á skólasöfn í Breiðholti. Hversu miklum fjármunum hafa skólar í Breiðholti varið til bókakaupa á skólabókasöfn í Breiðholti síðustu fimm árin miðað við aðra skóla í borginni? Svar óskast sundurliðað eftir upphæð fjármagns, skóla og ártali. Er eftirlit af hálfu sviðsins með bókakaupum skólabókasafna og hvort að skólar sinni því hlutverki?